

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Fimmtudaginn 24. febrúar 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8<sup>30</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

**Dagskrá:****1. Atvinnumál**

Oddviti gerði hreppsnefnd grein fyrir þeirri vinnu sem lagt hefur verið í að leita að fyrirtækjum sem hefðu áhuga á að flytja starfsemi sína að einhverju eða öllu leyti til Skagastrandar. Fram kom að ráðgjafi sem hefur verið að vinna að málinu muni koma og eiga fund með hreppsnefnd í næstu viku.

Mikil umræða varð um ýmsa þætti í sveitarfélaginu en ekki gerðar neinar ályktanir.

**2. Fjárhagsáætlun.**

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árið 2005 sem sveitarstjóri kynnti. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að tekjur sveitarsjóðs verði 178.372 þús. kr. Þar af verði útsvarstekjur 122.623 þús. Rekstrarniðurstaða sveitarsjóðs er áætluð neikvæð um 829 þús. kr. án innri viðskipta og niðurstaða samstæðu án tillits til fjárfestinga er áætluð neikvæð um 9.673 þús. kr.

Í sjóðstreymi kemur fram að áætlaðar fjárfestingar eru allverulegar en ákvörðun um einstaka liði vísað til annarrar umræðu.

Hreppsnefnd ræddi tillögu að áætlun og fór yfir einstaka liði hennar og gerði nokkrar breytingar á fyrirliggjandi tillögu. Fjárhagsáætlun var síðan vísað til næsta fundar.

**3. Bréf:**

a) Stéttarfélagsins Samstöðu, dags. 26.01.05.

Með bréfinu afsalar Samstaða sér nýtingarrétti á herbergi sem Samstaða hefur haft í félagsheimilinu Fellsborg.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við erindi þess.

b) Sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 25.01.05.

Í bréfinu tilkynnir ráðuneytið að það hafi fallist á tillögur um úthlutunarreglur á byggðakvóta og sent þær til birtingar eins og kveðið er á um í reglugerð. Þá er í bréfinu vakin athygli á að ekki er settur sérstakur frestur til að auglýsa eftir umsóknum en bent á að heppilegt sé að niðurstaða fáið sem fyrst.

Sveitarstjóri upplýsti að hann hafi auglýst eftir umsóknum um byggðakvóta á forsendum þeirra reglna sem sveitarstjórn hafi sett og sett frest til umsókna til 28. febrúar nk.

Málið var til kynningar.

**4. Fundargerðir:**

a) Leikskólanefndar, 23.02.05.

Fundargerðin var samþykkt.

- b) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 10.02.05.  
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 10.12.05.  
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 24.01.05.  
Fundargerðin var til kynningar.

**5. Önnur mál.**

Oddviti greindi frá því að góðar horfur séu á að ný heilsugæslustöð verði byggð á Skagaströnd á árinu. Fjárveitingar til byggingarinnar séu nægjanlegar til að hefja framkvæmdir og vinna við hönnun sé að hefjast. Hreppsnefndarmenn lýstu ánægju sinni með þann farveg sem málið er komið í.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13<sup>30</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gígja Óskarsdóttir  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)